



Skýrsla sveitarstjóra -Sveitarstjórnarfundur 9. september 2014-

Samantekt þessi þjónar þeim tilgangi að upplýsa bæjarfulltrúa Blönduósbæjar um verkefni sem eru í vinnslu á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar á hverjum tíma. Listinn er ekki tæmandi. Frekari upplýsingar um einstök mál veitir sveitarstjóri.

- **Starfsmannamál**

Aðalbókari Blönduósbæjar, er komin í veikindaleyfi. Jens P. Jensen hefur verið ráðinn í hennar stað. Jens hefur verið sveitarstjóri í 20 ár og þar af sveitarstjóri Húnavatnshrepps sl. 12 ár. Þar á undan var Jens skrifstofustjóri í 16 ár.

Benedikt Bjarklind hefur hafið störf í áhaldahúsi Blönduósbæjar.

- **Gagnaver**

Vinna við gagnaver heldur áfram.

Verkefni sem eru í gangi/lokið:

Framkvæmdir við húsnæði:

- Gengið hefur verið frá loftræstingu í stofu á efri hæð Íþróttamiðstöðvarinnar. Endurnýjaður hefur verið blásari í loftræstingu í eldri hluta Leikskólans en hann var orðin 35 ára gamall og vegna slits orsakaði hann hátíðnihljóð á ákveðnum svæðum í húsinu.
- Unnið er að klæðningu norðurhliðar bíósalarins í Félagsheimilinu og líkur því verkefni í mánuðinum. Verkið felst í að einangra vegg og klæða með ljósri Viroc klæðningu. Þá er þakkantur framlengdur og gengið frá honum með áfellum. Einnig er skotrenna milli sviðs og salar endurgerð til að fyrirbyggja leka frá henni.
- Þá hefur verið unnið við ýmislegt smáviðhald í fasteignum svo sem málun glugga ofl.



- Undibúningur framkvæmda við endurnýjun glugga á efri hæð Blönduskóla er lokið og eru nýjir gluggar í framleiðslu sem tekið hefur lengri tíma en gert var ráð fyrir. Í ljós kom að ráðast þarf í talsverðar lagfæringar innan dyra þar sem m.a. kom í ljós að útveggur er einangraður með óvörðu einangrunarplasti sem er óheimilt í dag. Einnig þarf að huga að endurnýjun lagna sem orðnar eru 45 ára gamlar. Verið er að vinna að tillögum um þennan frágang sem kynntar verða síðar.

Gatnaframkvæmdir:

- Lokið er við jarðvegsskipti og útlagningu á klæðningu á Aðalgötu sem samþykkt var í byggðaráði þann 30 júlí sl. Niðurstaðan er sú að eitt yfirlag var sett á götuna í ár en ákveðið að bíða með seinna yfirlagið til næsta árs þar sem efnið kláraðist á Neðri-Mýrum sem notað er í efra lag klæðningar. Búið er að opna fyrir umferð en gera þarf ráð fyrir endurnýjun á kantsteini og lagfæringu á gangstéttum þar á næsta ári.
- Verktaki á vegum Vegagerðarinnar er að ljúka endurbótum á Svínvetningabraut en búið er að leggja klæðningu á veginn upp fyrir afleggjarann að Köldukinn. Efni vegna þessarar framkvæmdar var tekin úr Kleifarhornsnámu og var að höfðu samráði við hestamenn lögð áhersla á að fjarlægja efni sunnar skeiðvallar þannig að hægt væri að lengja völlinn og bæta aðkomu að honum. Áður hafði verið áætlað að fjarlægja þyrfti yfir 40 þúsund rúmmetra af efni þannig að aðgengið breyttist. Í þessum áfanga er búið að taka yfir 20 þúsund rúmmetra og verður gengið frá námuhliðunum sem snúa til norðurs en stefnt að áframhaldandi efnistöku til suðurs unns því markmiði er náð að hafa fjarlægt nægt efni og bætt aðkomu skeiðvallarins. Í tengslum við þessa framkvæmd var gerð ný aðkoma að skotfélagssvæðinu norðanmegin í námunni þar sem eldri vegur var fjarlægður. Gerð verður slóð upp úr námunni að rúllustæðu sem hestamenn hafa haft til afnota.

Fuglaskoðunarhús:

- Fuglaskoðunarhúsið var klárt og vígt formlega á Húnavökuhátíðinni. Búið er að útbúa fuglaskoðunarskilti og er eitt staðsett við húsið en 2 önnur verða við ósa Blöndu og eitt neðan lögreglustöðvar. Það var útbúið bílastæði og aðkoma að húsinu og verður farið í frágang á stíg, tröppum og gróðri í haust. Gert er ráð fyrir að malbika aðkomu og bílastæði síðar m.a. vegna aðkomu fatlaðra.

Fráveita:

- Unnið hefur verið að endurbótum á dælubrunni fráveitu neðan sláturhússins en mikið álag er á þeim dælubrunni og höfðu dælufestingar gefið sig. Farið var í að bæta aðstöðuna og setja stærri brunn við dæluna en notast áfram við sama dælubrunn.
- Lokið hefur verið við nýja rotþró við Breiðavað og verður farið í endurnýjun á rotþró við Neðri-Mýrar í septembermánuði.



- Þá er verið að endurnýja stýritölvu í stýribúnaði Hreinsistöðvar en hún skemmdist við straumrof í fyrravetur. Við þá breytingu verða fleiri þættir í rekstri stöðvarinnar komnir inn á vökunina og fá starfsmenn viðvaranir um frávik sem upp kunna að koma. Jafnframt felst í þessu einföldun á rekstrinum þar sem ein iðntalva mun stýra búnaðnum sem tvær gerðu áður. Til fróðleiks skal tekið fram að vöktunarkerfi fráveitu, vatnsveitu og sundlaugar er samkeyrt og eru sendar út viðvaranir ef eitthvað bregður útaf í sms skilaboðum til starfsmanna.

Skrapatungurétt:

- Gerð var skýrsla í samvinnu við Skagabyggð um forgangsröðun verkefna við lagfæringar við Skrapatungurétt og var hún kynnt í byggðaráði þann 11. júlí 2014. Ákveðið hafði verið að ráðast í framkvæmdir fyrir 2 milljónir frá eigendum auk þess sem 1 milljón frá Vegagerðinni í endurbætur á veginum að réttinni. Ákveðið var að leggja áherslu á að laga veginn, skipta um ræsi auk þess sem ráðist var í endurnýjun girðingar meðfram vegi í samstarfi við eigenda Skrapatungu. Þá verður farið í grjótvörn á áreyrum við réttina eftir að veiðitímabilinu er lokið í lok september. Lokið er við vegabætur og girðingar auk þess sem ráðast þurfti í endurbætur á ristarhlið og kaup á nýju hliði. Gera þarf ráð fyrir að fara í endurbætur á sjálfri réttinni á næsta ári.